

Miðvikudaginn 2. mars 1994.

Nr. 92/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Steingrími Njálssyni

(Erlendur Gíslason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 21. febrúar 1994, er barst Hæstarétti ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími sinn verði verulega stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í hinum kærða úrskurði er lýst upphafi máls þessa. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa veitt Bjarna Sigurðssyni líkamsáverka 28. janúar sl., en þann dag var hann úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til 21. febrúar sl. á grundvelli a-, c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þótt rúmur mánuður sé liðinn, liggur hins vegar ekki annað fyrir um líkamsáverka Bjarna og afleiðingar þeirra en vottorð Stefáns Carlssonar, lækni á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, sem ritað var 28. janúar sem bráðabirgðavottorð. Þar kemur þetta helst fram um áverka á Bjarna: Mar var yfir kinnbeinum báðum megin, mar á nefi, skrámur í andliti og vinstra megin á enni, blæðing undir slímhimnu vinstra auga og blóð í vinstri hlust. Á hálsi var mar báðum megin, sem samrýmdist vel áverkum eftir háls-tak. Rispur voru á efri hluta baks og för eftir klór. Rispur, líklega eftir klór, voru innanvert á vinstra læri og stórt mar á vinstri rasskinn. Þá var 7 cm V-laga skurður um neðanverðan pung, sem gekk gegnum húð og undirhúðarlag. Var þessi áverki talinn samrýmast þeirri frásögn árásarþola, að árásarmaður hefði gripið um pung hans og rifið. Að öðru leyti fannst ekkert athugavert við kynfæri og

eistu. Í samantekt læknisins segir, að áverkar beri þess greinileg merki að vera eftir barsmíðar, kyrkingartak og klór.

Í bréfi til sóknaraðila 16. febrúar sl. segir sami læknir, að Bjarni hafi ekki komið aftur á slysadeild, en ekki sést af gögnum málsins, hvenær hann yfirgaf sjúkrahúsið.

Hæstiréttur hlutaðist til um, að sóknaraðili aflaði nýs læknisvottorðs, en það fékkst ekki.

Af hálfu ákærvalds hefur ekki verið tekin afstaða til saksóknar gegn varnaraðila í máli þessu.

Af framangreindum gögnum fæst ófullnægjandi vitneskja um það, hvort og hve alvarlegar afleiðingar þess verknaðar verða, sem varnaraðili er grunaður um að hafa framið. Eins og málið horfir nú við, þykir því óvarlegt að gera ráð fyrir, að verknaðurinn varði við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru þá ekki efni til að úrskurða varnaraðila til gæsluvarðhalds á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og gert er í hinum kærða úrskurði.

Kröfu sína í héraði studdi sóknaraðili einnig við c- og d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður að telja, að ákvæði þessi eigi ekki hér við, þegar til þess er litið, að varnaraðili hefur ekki frá árinu 1990 gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum. Refsidómar, er hann hafði sætt fram að þeim tíma, eru ekki nægur laga- grundvöllur fyrir frekari gæsluvarðhaldsvist hans.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

Rétt þykir að dæma ríkissjóð til að greiða verjanda varnaraðila þóknun, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði verjanda varnaraðila, Erlendi Gíslasyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að gæsluvarðhald það, sem Steingrímur Njálsson, kt. 210442-3679, með lögheimili að Laugarásvegi 24, Reykjavík, hefur sætt frá 28. janúar sl., verði framlengt allt til miðvikudagsins 6. apríl nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í Skipholti 40, Reykjavík, aðfaranótt 28. janúar 1994. Sömu nótt hafði karlmaður, sem þar var gestkomandi, hlotið mikla áverka á kynfærum og víðar. Auk kærða og árásarþola voru í sömu íbúð hússins Reynir Lárusson og Hjalti Reynisson. Samkvæmt framburði þeirra hjá lögreglu hefur kærði einn getað veitt árásarþola þá áverka sem hann hlaut. Árásarþoli lýsti tildrögum árásarinnar á þá leið, að kærði hefði tekið sig hálstaki og reynt að kyrkja sig. Einnig hefði kærði slegið sig með krepptum hnefa í andlitið og gripið um kynfæri hans með þeim afleiðingum að pungur rifnaði. Framburður hans samrýmist áverkalýsingu í læknisvottorði Stefáns Carlssonar læknis.

Rannsókn málsins er á lokastigi. Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna þykir með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina. Kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. apríl 1994 kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Steingrímur Njálsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. apríl 1994 kl. 16.00.
